



MODEL S
MODEL X
MODEL 3
MODEL Y

ÁBYRGÐ FYRIR NÝJAR BIFREIÐAR

ÍSLAND
GILDISTÖKUDAGUR: 2013/1/1



Almennir ábyrgðarskilmálar..... 2

Ábyrgðarvernd..... 5

Undantekningar og takmarkanir..... 9

Veiting á ábyrgðarþjónustu.... 13

Úrlausn ágreinings og sérstakar landsbundnar neytendaupplýsingar.... 15



Tesla, Inc., eða viðeigandi aðili sem er tilgreindur hér á eftir í kaflanum **Veitandi ábyrgðar** („Tesla“) mun sjá um viðgerðir á nýjum Model S, Model 3, Model X og Model Y bifreiðum sem eru seldar og afhentar beint frá Tesla á gildandi ábyrgðartímabilum fyrir ábyrgðarsvæði sem tilgreind eru hér á eftir í samræmi við ákvæðin, skilyrðin og takmarkanirnar í þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar. Réttindi þín og skyldur Tesla samkvæmt þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar gilda eingöngu innan ábyrgðarsvæðisins þar sem þessi ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar var fyrst veitt með nýjum Model S, Model 3, Model X og Model Y bifreiðum sem voru seldar og afhentar beint frá Tesla. Skilmálarnir í þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar eiga ekki við ef þú ferð með Model S, Model 3, Model X eða Model Y bifreiðina þína á nýtt ábyrgðarsvæði, nema staðarlög kveði á um annað. Sjá má lista yfir ábyrgðarsvæðin hér á eftir.

Veitandi ábyrgðar

Viðeigandi ábyrgðarsvæði, tilgreint hér á eftir, byggist á því hvar nýja Model S, Model 3, Model Y og Model X bifreiðin var fyrst seld og afhend beint frá Tesla með þessari meðfylgjandi ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar. Þú verður að fara aftur á þitt ábyrgðarsvæði til að fá ábyrgðarþjónustu. Allir seinni kaupendur í einkasölu eða viðtakendur bifreiðarinnar verða að fara á þitt ábyrgðarsvæði til að fá ábyrgðarþjónustu sama í hvaða landi kaupandinn eða viðtakandinn gæti hafa keypt bifreiðina.

Ábyrgðarsvæði	Tengiliðaupplýsingar
Evrópa <i>þ.m.t. Bretland</i>	Tesla Motors Netherlands B.V. Burgemeester Stramanweg 122, 1101 EN Amsterdam, Holland Sími: 020 365 00 08

Ábyrgð

Þessi ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar á við um bifreiðar sem Tesla selur innan þíns ábyrgðarsvæðis. Fyrir þessa ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar er Tesla-ábyrgðarsvæðið þitt skilgreint sem svæðið þar sem bifreiðin þín var fyrst skráð, að því gefnu að þú farir aftur á ábyrgðarsvæðið þitt til að fá ábyrgðarþjónustu. Allir seinni kaupendur eða viðtakendur bifreiðarinnar verða að fara á þitt ábyrgðarsvæði til að fá ábyrgðarþjónustu sama í hvaða landi kaupandinn eða viðtakandinn gæti hafa keypt bifreiðina.



Breytileg ábyrgðarákvæði

Þessi ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar felur í sér ábyrgðarskilmála og skilyrði sem kunna að vera breytileg eftir því hvaða hlutur eða kerfi falla undir þau. Ábyrgð fyrir sérstaka hluti eða kerfi heyrir undir trygginguna sem lýst er í þeim ábyrgðarkafla ásamt öðrum ákvæðum í þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar.

Takmarkanir og yfirlýsingar; Staðarlög

ÞESSI ÁBYRGÐ FYRIR NÝJAR BIFREIÐAR ER EINA ÚTGEFNA ÁBYRGÐIN SEM TENGIST TESLA-BIFREIÐINNI ÞINNI. Allar aðrar óbeinar eða beinar ábyrgðir, þar á meðal öll lögbundin réttindi frá staðarlögum, eða ákvæði teljast ógildar að því leyti sem lög leyfa á ábyrgðarsvæði þínu, þar á meðal en takmarkast ekki við óbeinar ábyrgðir og ákvæði fyrir söluhæfni, hæfni fyrir ákveðinn tilgang, endingu eða þau sem koma upp við sölu eða viðskiptaframkvæmd. Sum ábyrgðarsvæði leyfa ekki takmarkanir á óbeinum ábyrgðum eða ákvæðum og/eða hversu lengi óbein ábyrgð eða ákvæði eru gild, þannig að ofangreind takmörkun á mögulega ekki við um þig. Frekari upplýsingar um hvaða lög gilda á þínu ábyrgðarsvæði má finna hér [Úrlausn ágreinings og sérstakar landsbundnar neytendaupplýsingar](#).

Framkvæmd nauðsynlegra viðgerða og varahlutaskipti af hálfu Tesla eru einu úrræðin undir þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar og allar óbeinar ábyrgðir. Tesla leyfir engum einstaklingum eða aðilum að búa til nokkrar aðrar skyldur eða skaðabótaábyrgðir í tengslum við þessa ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar. Tesla tekur eitt og eftir eigin mati ákvörðunina um hvort eigi að gera við hlut eða skipta um hann, eða hvort nota eigi nýjan, notaðan eða endurframleiddan hlut.

Eigandaskipti

Þessa ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar er hægt að færa yfir án nokkurs kostnaðar á alla einstaklinga sem eignast bifreiðina á lögmætan hátt á eftir fyrsta kaupandanum, innan þeirra takmarkana sem lýst er í þessari ábyrgð („næsti kaupandi“).

Eigandi ábyrgðar

Fyrsti kaupandi, eða næsti kaupandi, nýrrar bifreiðar sem er seld á þínu ábyrgðarsvæði og er skráð undir nafni fyrsta kaupanda eða næsta kaupanda samkvæmt lögum á þínu ábyrgðarsvæði, getur framfylgt þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar samkvæmt skilmálunum í henni.



Gildistími ábyrgðar

Þessi ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar hefst fyrsta daginn sem Tesla afhendir nýja bifreið til fyrsta kaupanda eða leigusala, eða daginn sem hún er fyrst þjónustuð (til dæmis notuð sem sýningarbifreið eða fyrirtækisbifreið), eftir því hvort er á undan, og ábyrgðin gildir á tímabilinu fyrir tilgreinda ábyrgð eins og lýst er í kaflanum um gildistíma ábyrgðar í þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar. Hlutir sem gert er við eða skipt um, öll bifreiðin meðtalin, samkvæmt þessari ábyrgð um nýjar bifreiðar, eru aðeins í ábyrgð þar til viðeigandi ábyrgðartímabili þessarar ábyrgðar lýkur, eða eftir því sem tekið er fram í viðeigandi lögum.



Þessi ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar felur í sér grunnábyrgð fyrir bifreiðar, ábyrgð fyrir öryggisbelti og -búnað (Supplemental Restraint System, SRS) og ábyrgð fyrir rafgeymi og drifeiningu, eins og nánar er lýst hér að neðan.

Eina úrræðið sem þér er veitt samkvæmt þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar, er viðgerð eða skipti á nýjum, viðgerðum eða endurframleiddum hlutum frá Tesla fyrir þær bilanir sem falla undir ábyrgðina, án þess þó að það hafi áhrif á réttindi þín samkvæmt [Undantekningar og takmarkanir](#) og [Úrlausn ágreinings og sérstakar landsbundnar neytendaupplýsingar](#). Tesla framkvæmir slíkar viðgerðir eða varahlutaskipti án kostnaðar fyrir þig þegar Tesla er tilkynnt um bilunina sem fellur undir ábyrgðina innan gilds ábyrgðartímabils, þó háð þeim undantekningum og takmörkunum sem lýst er í þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar. Notaðir verða nýir, endurnotaðir eða endurframleiddir hlutir við viðgerðir, eftir ákvörðun Tesla. Allir hlutir sem skipt var um eða aðrir hlutir eru sérstök eign Tesla nema viðeigandi lög kveði á um annað.

Grunnábyrgð fyrir bifreiðar

Með fyrirvara um að tilteknir hlutir kunni að vera háðir sérstökum ábyrgðum, og með hliðsjón af þeim undantekningum og takmörkunum sem lýst er í þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar, nær grunnábyrgð fyrir bifreiðar yfir nauðsynlegar viðgerðir eða varahlutaskipti til að lagfæra galla í efni eða vinnu á hlutum sem Tesla framleiðir eða veitir við eðlilega notkun yfir 5 ár eða 100.000 km, eftir því hvort kemur fyrst.

Ábyrgð fyrir öryggisbelti og -búnað

Með fyrirvara um þær undantekningar og takmarkanir sem lýst er í þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar nær ábyrgð fyrir öryggisbelti og búnað yfir nauðsynlegar viðgerðir eða varahlutaskipti til að lagfæra galla í efni eða vinnu á öryggisbeltum eða loftpúðakerfi bifreiðarinnar sem Tesla framleiðir eða veitir við eðlilega notkun yfir 5 ár eða 100.000 km, eftir því hvort kemur fyrst.

Ábyrgð fyrir rafgeymi og drifeiningu

Litíum-jónarafgeymirinn frá Tesla („rafgeymirinn“) og drifeiningin er afar flókinn aflrásarbúnaður sem er hannaður til að þola erfiðar akstursaðstæður. Þú getur verið viss um að hágæða rafgeymirinn og drifeiningin frá Tesla falli undir þessa ábyrgð fyrir rafgeymi og drifeiningu, sem tryggir viðgerðir eða skipti á öllum biluðum eða gölluðum rafgeymum eða drifeiningum, en þó háð takmörkunum sem lýst er hér á eftir.



Ef rafgeymirinn þinn eða drifeiningin þarfnast viðgerðar samkvæmt ábyrgð, mun Tesla framkvæma viðgerðina eða skipta um hlutinn fyrir nýjan, endurnotaðan eða endurframleiddan hlut eftir eigin mati og ákvörðun. Nýi hluturinn mun mögulega ekki gera bifreiðina aftur „eins og nýja“ en þegar skipt er um rafgeymi mun Tesla tryggja að orkurýmnd nýja rafgeymisins sé að minnsta kosti sú sama og hjá upphaflega rafgeyminum áður en bilunin varð, með aðra þætti tekna með í reikninginn svo sem aldur bifreiðarinnar og ekinn kílómetrafjölda.

Til að veita þér enn meiri tryggingu mun þessi ábyrgð fyrir rafgeymi og drifeiningu einnig gilda fyrir tjón á bifreiðinni sem verður vegna elds í rafgeymi, jafnvel þótt hann hafi orðið vegna mistaka ökumanns. (Ábyrgðin gildir ekki fyrir tjón sem varð áður en eldur í rafgeymi kom upp, eða tjón sem varð ef eldur í rafgeymi kom upp eftir að bifreiðin þín var nú þegar óökuhæf vegna tjóns.)

Ábyrgð fyrir rafgeymi og drifeiningu gildir í eftirfarandi tíma:

- Model S og Model X – 8 ár eða 240.000 km, hvort sem verður fyrst, með að lágmarki 70% af rýmnd* rafgeymisins yfir ábyrgðartímabilið. Allar Model S eða Model X bifreiðar sem voru keyptar fyrir gildisdagsetninguna sem tekin er fram á forsiðu þessarar ábyrgðar fyrir nýjar bifreiðar heyra undir þá ábyrgð fyrir rafgeymi og drifeiningu sem var í gildi á kaupdegi.
- Model 3 og Model Y Standard eða Standard Range Plus – 8 ár eða 160.000 km, hvort sem verður fyrst, með að lágmarki 70% af rýmnd* rafgeymisins yfir ábyrgðartímabilið.
- Model 3 og Model Y Long Range eða Performance – 8 ár eða 192.000 km, hvort sem verður fyrst, með að lágmarki 70% af rýmnd* rafgeymisins yfir ábyrgðartímabilið.

*Fyrir ábyrgðarkröfur sérstaklega vegna rýmndar rafgeymisins verður ástand rafgeymisins sem kemur í staðinn í samræmi við aldur og ekna kílómetra bifreiðarinnar og nægilega gott til að ná sömu eða fara yfir lágmarks rýmnd fram að lokum ábyrgðartímabilsins fyrir upphaflega rafgeyminn. Athugaðu að áætlað drægi bifreiðarinnar er ófullkomin mælieining fyrir rýmnd rafgeymisins því það er háð fleiri þáttum sem eru aðskildir frá rýmndinni. Mæliaðferðin sem er notuð til að ákvarða rýmnd rafgeymisins og ákvörðunin um hvort eigi að gera við, skipta um eða veita endurnotaða eða endurframleidda varahluti, og ástand slíkra viðgerðra, endurnotaðra eða endurframleiddra varahluta, fara eingöngu eftir ákvörðun Tesla.



Þrátt fyrir að þessi ábyrgð sé afar viðtæk, falla skemmdir vegna viljandi aðgerða (þar á meðal viljandi skemmdir eða eyðileggingu á bifreið þinni, eða viljandi ákvörðun um að hunsu aðvaranir frá bifreiðinni eða þjónustutilkynningar), áreksturs eða slyss (fyrir utan eld í rafgeymi eins og lýst er hér á undan), eða vegna þess að rafgeymir eða drifeining voru þjónustuð eða opnuð af einstaklingum sem voru ekki frá Tesla eða ekki með vottun frá Tesla, ekki undir þessa ábyrgð fyrir rafgeymi og drifeiningu.

Að auki er drifeiningin háð þeim undantekningum og takmörkunum sem lýst er í þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar. Skemmdir á rafgeyminum sem verða vegna eftirfarandi aðgerða falla ekki heldur undir þessa ábyrgð fyrir rafgeymi og drifeiningu:

- Skemmdir á rafgeyminum, eða viljandi tilraunir til að lengja (á annan hátt en lýst er í eigandahandbókinni og skjölum frá Tesla) eða stytta líftíma rafgeymisins, annað hvort með áþreifanlegum hætti, forritun eða öðrum aðferðum;
- Útsetning rafgeymisins fyrir beinum eldi (fyrir utan eld sem kviknar í rafgeyminum eins og lýst er hér á undan); eða
- Vatni flætt í rafgeyminn.

Rafgeymirinn, eins og allir litíum-jóna-rafgeymar, munu smám saman missa niður orku eða afl með tíma og notkun. Orku- eða aflmissir rafgeymisins með tímanum eða vegna notkunar hans fellur EKKI undir þessa ábyrgð fyrir rafgeymi og drifeiningu, fyrir utan það sem lýst er í þessari ábyrgð fyrir rafgeymi og drifeiningu. Skoðaðu eigandaskjöl til að fá mikilvægar upplýsingar um hvernig hámarka má endingu og afkastagetu rafgeymisins. Ábyrgð rafgeymisins og drifeiningarinnar fellur úr gildi ef ekki er farið eftir þessum leiðbeiningum um viðhald og hleðslu rafgeymisins.

Bifreiðin þín uppfærir hugbúnað sinn þráðlaust og veitir stöðugt nýja eiginleika og bætur, þar á meðal uppfærslur til að vernda og lengja líftíma rafgeymisins. Allar greinilegar breytingar á frammistöðu rafgeymisins sem verða vegna uppfærslu á hugbúnaði falla EKKI undir þessa ábyrgð fyrir rafgeymi og drifeiningu.

Ryðábyrgð

Þessi ryðábyrgð nær yfir ryðtæringu (ryðtæring í gegnum þil í yfirbyggingu innan frá og út) sem verður vegna galla í efni eða framleiðslu og gildir í 12 ár og ótakmarkaðan kílómetrafjölda, fyrir utan eftirfarandi:



- Bifreiðar sem hafa verið meðhöndlaðar gegn ryði, þ.e. hlotið meðferðir sem kallast yfirleitt ryðvörn eða ryðvörn fyrir undirvagn;
- Tæringu vegna galla í efni eða framleiðslu sem er ekki frá Tesla, og veldur ryðtæringu í gegnum þil í yfirbyggingu innan frá;
- Ryðmyndun á yfirborði sem veldur tæringu á þiljum í yfirbyggingu eða á undirvagni utan frá og inn, svo sem vegna steinkasts eða rispa;
- Ryðmyndun vegna, af völdum eða sem afleiðing af slysum, misnotkun, vanrækslu, rangri umhirðu eða notkun á bifreiðinni, uppsetningu á aukahlut, snertingu við efnasambönd eða skemmdir vegna óviðráðanlegs viðburðar eða af náttúrulegum völdum eða vegna eldsvoða eða rangrar geymslu.

Sjá [Undantekningar og takmarkanir](#) til að fá nánari upplýsingar um önnur atriði tengd lakki, ryði eða tæringu sem falla ekki undir þessa ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar.



Takmarkanir á ábyrgð

Þessi ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar gildir ekki fyrir skemmdir eða bilanir sem verða beint eða óbeint vegna eða af völdum eðlilegs slits, misnotkunar, rangrar notkunar, vanrækslu, slyss, rangrar umhirðu, notkunar, geymslu eða flutnings, þar á meðal, en takmarkast ekki við, allt eftirfarandi:

- Vanrækslu á að fara með bifreiðina til, eða láta framkvæma viðgerðir eða þjónustu hjá, þjónustumiðstöð Tesla eða viðgerðarþjónustu sem er viðurkennd af Tesla, þegar upp kemst um galla eða bilun sem fellur undir þessa ábyrgð.
- Slys, árekstur eða hluti sem rekast í bifreiðina;
- Allar viðgerðir eða breytingar á bifreiðinni sem voru gerðar á óviðeigandi hátt, eða uppsetning eða notkun á vökvum, varahlutum eða aukahlutum framleiddum af einstaklingi eða aðila sem hafði ekki leyfi eða vottun til þess;
- Rangar viðgerðir eða viðhald, þar á meðal, en takmarkast ekki við, notkun á öðrum vökvum, varahlutum og aukahlutum en þeim sem teknir eru fram í eiganaskjölum þínum.
- Eðlilegt slit eða skemmdir, þar á meðal, en takmarkast ekki við, aflitun á sætum, klæðningu og áklæði, göt, rifur, dældir, krumpur eða aðra afmyndun, lakk eða rúður sem flísast hefur úr vegna steinkasts, og álíka atriði;
- Allar skemmdir á vélbúnaði eða hugbúnaði bifreiðarinnar, eða allt tap eða tjón sem verður á persónuupplýsingum/–gögnum þínum í bifreiðinni, vegna breytinga á eða óheimils aðgangs að gögnum bifreiðarinnar eða hugbúnaði hvaðan sem er, þar á meðal, en takmarkast ekki við, vara- eða aukahlutir sem eru ekki frá Tesla, breytingar, forrit frá utanaðkomandi aðilum, vírusar, gallar, spilliforrit eða allar aðrar truflanir eða tölvuárásir;
- Bifreiðadrátt;
- Rangt verklag við notkun dráttarspils;
- Þjófnað, skemmdarverk eða uppþot;
- Eld, sprengingu, jarðskjálfta, storm, eldingar, hagléll, flóð eða djúpt vatn;
- Akstur utan vega (að undanskildum Model X og Model Y);
- Akstur á ójöfnu, grófu, skemmdu eða hættulegu yfirborði, þar á meðal en takmarkast ekki við vegakanta, holur, ófullgerða vegi, brak eða aðrar fyrirstöður, eða í keppni, kappakstri eða akstursprautir eða í nokkrum öðrum tilgangi sem bifreiðin er ekki hönnuð fyrir;



- Ofhleðslu bifreiðarinnar;
- Bifreiðin notuð sem kyrrstæður aflugjafi; og
- Umhverfisáhrif eða óviðráðanlega ytri atburði, þar á meðal en takmarkast ekki við, sólarljós, efnasambönd í lofti, trjákvöðu, dýra- eða skordýraúrgang, brak á vegum (þar á meðal möl), iðnaðarmengun, lestaryk, salt, haglél, flóð, vind og þrumuveður, súrt regn, eld, vatn, mengun, eldingar og önnur umhverfisáhrif.

Frekari takmarkanir og undantekningar

Til viðbótar við ofangreindar undantekningar og takmarkanir gildir þessi ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar EKKI fyrir:

- Tæringu eða galla í lakki, þar á meðal en takmarkast ekki við eftirfarandi:
 - Tæringu vegna galla í efni eða framleiðslu sem er ekki frá Tesla, og veldur ryðtæringu (götum) í gegnum þil í yfirbyggingu innan frá;
 - Ryðmyndun á yfirborði sem veldur tæringu á þiljum í yfirbyggingu eða á undirvagni utan frá og inn, svo sem vegna steinkasts eða rispa;
 - Ryðmyndun og skemmdir á lakki vegna, af völdum eða sem afleiðing af slysum, litamun á nýrri málningu misnotkun, vanrækslu, rangri umhirðu eða notkun á bifreiðinni, uppsetningu á aukahlut, snertingu við efnasambönd eða skemmdum vegna óviðráðanlegs viðburðar eða af náttúrulegum völdum eða vegna eldsvoða eða rangrar geymslu.
- Varahluti eða aukahluti sem eru ekki frá Tesla og uppsetningu þeirra, eða allar skemmdir sem verða beint eða óbeint vegna, af völdum, eða sem afleiðing af uppsetningu eða notkun á varahlutum eða aukahlutum sem eru ekki frá Tesla;
- Varahluti, aukahluti og hleðslubúnað sem fylgdu ekki með við kaupin á bifreiðinni; þessir hlutir hafa sínar eigin ábyrgðir og eru háðir eigin skilmálum og skilyrðum, sem verða afhentir þér eins og við á;
- Alla Tesla-varahluti eða vinnu sem þarf til viðbótar til að gera við eða þjónusta bifreið, hvort sem hún er í ábyrgð eða ekki, vegna útilokaðra atriða sem talin eru upp í þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar, þar á meðal, en takmarkast ekki við breytingar á vél- eða hugbúnaði, eða varahluti eða aukahluti sem eru ekki frá Tesla;
- Hjólbarða, sem hafa sínar eigin ábyrgðir og eru háðir eigin skilmálum og skilyrðum, sem verða afhentir þér eins og við á;



- Rafhlöður í lyklakippu;
- Utanaðkomandi minnislykil eða önnur geymslu- eða minnistæki;
- Framrúður eða gluggar sem hafa brotnað, kvarnast upp úr, rispast eða sprungið, nema vegna galla í efni eða vinnu á framrúðugleri eða öðru gleri framleiddu eða veittu af Tesla;
- Almenn útlit eða eðlileg hljóð og titring, þar á meðal en takmarkast ekki við ískur í hemlum, almennt bank, brak, hringl og titring vegna vinds eða vegar, þar sem engir bilaðir hlutir eru til staðar sem þarfnast viðgerðar; og
- Viðhaldsþjónustu, þar á meðal en takmarkast ekki við eftirfarandi:
 - Jafnvægisstillingu á hjólum;
 - Útlitsviðhald (svo sem þrif og bón);
 - Einnota hluti fyrir viðhald (svo sem rúðupurrkur/gúmmí, hemlaklossa/-borða, síur o.s.frv.); og
 - Smávægilegar stillingar svo sem aukabéttiefni, einangrun, eða skipti/herðingu á róm og boltum (eða svipuðu).

Ógild ábyrgð

Þú berð ábyrgð á réttri notkun bifreiðarinnar og á móttöku og viðhaldi á ítarlegum og réttum skráum yfir viðhald bifreiðarinnar, þar með talið 17 tölustafa auðkennisnúmer bifreiðarinnar („VIN-númer“), nafn og heimilisfang þjónustumiðstöðvar þinnar, kílómetrafjöldi, dagsetning þjónustu eða viðhalds og lýsing á þjónustu- eða viðhaldshlutum. Þessar skrár skulu síðan afhentar til næsta kaupanda. Þessi ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar getur fallið úr gildi ef þú ferð ekki eftir leiðbeiningum og meðmælum um notkun og akstur bifreiðarinnar sem koma fram í eigandaskjölunum þínum, þar á meðal, en takmarkast ekki við:

- Uppsetningu á uppfærslum fyrir hugbúnað bifreiðarinnar eftir tilkynningu um að uppfærsla sé tilbúin;
- Að fara eftir öllum tilkynningum um afturköllun;
- Að flytja farþega og farm innan tiltekinna þyngdarmarka; og
- Framkvæmd allra viðgerða.



Þó svo að Tesla krefjist ekki að þú látir framkvæma alla þjónustu eða viðgerðir hjá þjónustumiðstöð Tesla eða verkstæði sem er viðurkennt af Tesla, er mögulegt að þessi ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar falli úr gildi eða ákveðnir hlutar hennar vegna óviðeigandi viðhalds, þjónustu eða viðgerða.

Eftirfarandi mun einnig ógilda þessa ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar:

- Bifreiðar þar sem VIN-númerinu hefur verið eytt eða breytt, eða tekið úr sambandi, kílómetramæli eða öðru tengdu kerfi breytt eða það gert óvirkt, svo erfitt sé að sjá VIN-númerið eða raunverulegan ekinn kílómetrafjölda;
- Bifreiðar sem hafa ekki lögmætt eignarhald eða hafa verið seldar, yfirlýstar, merktar eða skráðar sem niðurrifnar, skemmdar af völdum elds eða flóða, flak, enduruppgerð, bjargmunur, óbætanlegar eða gjöreyðilagðar; og
- Bifreiðar sem tryggingafyrirtæki hefur dæmt sem gjöreyðilagðar.

Tjón

Tesla afsalar sér hér með allri ábyrgð á óbeinu, tilfallandi og afleiddu tjóni sem verður vegna eða í tengslum við bifreið þína, þar á meðal, en takmarkast ekki við, flutning til og frá þjónustumiðstöð Tesla, tap á verðgildi bifreiðarinnar, tímamissi, tekjutap, notkunartap, tap á einka- eða opinberri eign, óþægindi eða áreiti, tilfinningalegt uppnám eða skaða, viðskiptatap (þar á meðal, en takmarkast ekki við, gróða- eða tekjutap), kostnað vegna dráttarþjónustu, strætógjöld, bílaleigu, símakostnað fyrir þjónustunúmer, eldsneytiskostnað, gistikostnað, skemmdir á dráttarbil og tilfallandi gjöld svo sem símtöl, bréfsímasendingar og póstkostnað. Frekari upplýsingar um hvaða lög gilda á þínu ábyrgðarsvæði má finna hér [Úrlausn ágreinings og sérstakar landsbundnar neytendaupplýsingar](#).

Tesla skal ekki bera ábyrgð á neinu beinu tjóni að upphæð sem er hærrí en sannað markaðsverðmæti bifreiðarinnar þegar bótakrafan var lögð fram.

Ofangreindar takmarkanir og undantekningar skulu gilda sama hvort krafa þín sé tengd samningi, skaðabótum (þar á meðal vanrækslu og stórfelldri vanrækslu), brotum á ábyrgð eða ástandi, rangfærslum (vegna vanrækslu eða annars) eða í lögum eða eigin fé, jafnvel þótt Tesla sé kunngjört um möguleikann á slíku tjóni eða hægt sé að sjá slíkt tjón fyrir. Í lögsögum þar sem undantekningar eða takmarkanir á óbeinu, beinu, sérstöku, tilfallandi eða afleiddu tjóni eru ekki leyfðar, eiga ofangreindar takmarkanir eða undantekningar ekki við um þig.



Til að fá ábyrgðarþjónustu verður þú að senda tilkynningu til Tesla innan gilds ábyrgðartímabils og afhenda bifreiðina á þinn kostnað (nema ef Tesla er skylt að veita dráttarþjónustu), á reglulegum opnunartíma til þjónustumiðstöðvar Tesla innan þíns ábyrgðarsvæðis. Hægt er að finna hvar næsta þjónustumiðstöð Tesla er staðsett með því að fara á vefsvæði Tesla fyrir þitt svæði. Þjónustumiðstöðvar Tesla geta breytt um staðsetningu hvenær sem er. Uppfærður listi yfir þjónustumiðstöðvar er birtur á vefsvæði Tesla fyrir þitt svæði og verður það áfram.

Þegar þú hefur samband við Tesla þarftu að vera tilbúin(n) til að gefa upp auðkennisnúmer bifreiðarinnar (VIN-númer), núverandi kílómetrafjöldi og lýsingu á biluninni. VIN-númerið er á efra mælaborðinu ökumannsmegin í bifreiðinni og er sýnilegt í gegnum framrúðuna. Einnig er það gefið upp á skráningarskírteini bifreiðarinnar.

Ef þú breytir um heimilisfang biðjum við þig um að hafa samband við Tesla í gegnum heimilisfangið eða símanúmerið sem er gefið upp í kaflanum [Veitandi ábyrgðar](#) í þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar.

Hæfilegur viðgerðartími

Þú verður að gefa Tesla hæfilegan tíma til að ljúka viðgerðum og/eða þjónustu. Þegar Tesla tilkynnir þér um að viðgerðum og/eða þjónustu sé lokið á bifreið þinni berð þú ábyrgð á því að sækja bifreiðina tafarlaust á eigin kostnað. Sé það ekki gert verða hæfileg dagleg geymslugjöld lögð á.

Aðstoð á vegum

Aðstoð Tesla á vegum er þjónusta sem er ætluð til að lágmarka óþægindi þegar Tesla-bifreiðin þín er ónothæf. Hægt er að óska eftir þessari þjónustu í gegnum Tesla-farsímaappið eða með því að hafa samband við þjónustuver Tesla á staðnum. Framboð getur verið mismunandi eftir svæðum. Bifreiðin verður að vera í ábyrgð samkvæmt ábyrgðarlýsingum Tesla fyrir nýjar eða notaðar bifreiðar og hún staðsett á tilnefndu svæði þínu þegar vegaaðstoðar er þörf. Vegaaðstoð er samt sem áður aðskilin þjónusta og er ekki veitt samkvæmt ábyrgðarlýsingum Tesla fyrir nýjar eða notaðar bifreiðar. Sjá stefnu um vegaaðstoð fyrir nánari upplýsingar og yfirlýsingar.



Breytingar og undanþágur

Enginn einstaklingur eða aðili, þar á meðal en takmarkast ekki við, starfsmaður eða viðurkenndur fulltrúi Tesla, hefur leyfi til að breyta eða veita undanþágu á neinum hluta þessarar ábyrgðar fyrir nýjar bifreiðar. Tesla getur einstaka sinnum boðist til að greiða hluta af eða allan kostnað af ákveðnum viðgerðum sem falla ekki lengur undir þessa nýju ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar, fyrir ákveðnar útgáfur bifreiða (sk. „aðlögunaráætlanir“). Við slíkar kringumstæður mun Tesla senda tilkynningu til allra eigenda þeirra bifreiða sem þetta á við um. Einnig geturðu sent fyrirspurn beint til Tesla til að fá að vita hvort slíkar áætlanir, ef einhverjar eru, eigi við um þína bifreið. Tesla getur einnig einstaka sinnum boðist til að greiða hluta af eða allan kostnað af ákveðnum viðgerðum sem falla ekki lengur undir þessa ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar, eftir ákvörðun í hverju máli fyrir sig. Tesla áskilur sér rétt til að gera ofangreint og gera breytingar á bifreiðum sem eru framleiddar eða seldar af Tesla og á viðeigandi ábyrgðum, hvenær sem er, án þess að vera skylt að gera sömu eða svipaðar greiðslur eða breytingar á bifreiðum sem Tesla framleiddi eða seldi áður, eða á viðeigandi ábyrgðum, þar á meðal þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar.



Margar lögsögur hafa lög, oft nefnd „Lemon Laws“ sem veita þér sérstök réttindi ef þú upplifir vandamál með bifreiðina þína. Þessi lög eru mismunandi eftir lögsögum. Bifreiðin þín og öryggisbúnaður eru í samræmi við viðeigandi svæðisbundin bifreiðalög.

Eftir því sem lög innan þinnar lögsögu leyfa krefst Tesla þess að þú sendir Tesla fyrst skriflega tilkynningu um alla galla sem þú hefur fundið (sem ekki er hægt að leysa úr með því að lesa eigandahandbókina eða fara eftir henni) innan viðeigandi ábyrgðartímabils fyrir þessa ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar, innan hæfilegs tíma til að veita Tesla tækifæri til að framkvæma allar nauðsynlegar viðgerðir og taka þátt í verkferli okkar fyrir úrlausn ágreinings, áður en þú leitar úrlausnar samkvæmt þessum lögum. Vinsamlegast sendu skriflega tilkynningu um úrlausn ágreinings til heimilisfangsins á þínu svæði eins og tilgreint er í kaflanum [Veitandi ábyrgðar](#) í þessari ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar.

Vinsamlegast sendu skriflegu tilkynninguna þína á heimilisfangið sem gildir fyrir ábyrgðarsvæðið þitt. Láttu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Nafn þitt og tengiliðaupplýsingar;
- Nafn og tengiliðaupplýsingar ábyrgðaraðila (sjá [Veitandi ábyrgðar](#));
- VIN-númer;
- Nafn og staðsetningu Tesla-umboðsins og/eða Tesla-þjónustumiðstöðvarinnar næst þér;
- Afhendingardagsetningu bifreiðarinnar;
- Núverandi kílómetrafjölda;
- Lýsingu á gallanum; og
- Yfirlit yfir þær tilraunir sem þú hefur gert í verslun Tesla eða hjá fulltrúa Tesla til að leysa úr ágreiningnum, eða viðgerðir og þjónustu sem voru ekki framkvæmd í þjónustumiðstöð Tesla eða viðurkenndu verkstæði Tesla.

Ef einhver ágreiningur eða ósætti verður á milli þín og Tesla í tengslum við þessa ábyrgð fyrir nýjar bifreiðar mun Tesla leita allra leiða til að ná viðunandi sáttum. Ef ekki er hægt að ná fram viðunandi sáttum skulu Tesla og þú leggja fram allan slíkan ágreining eða ósætti til viðeigandi vettvangs innan þinnar lögsögu. Sjá sérstakar reglur fyrir þitt svæði hér á eftir (ef einhverjar eru).

TESLA